

Alþingi
Erindi nr. P 135/1938
komudagur 3.4.2008

Menntamálanefnd Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02. apríl 2008
2008030002/42-1-3
GG/JGO/jgo

Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um sjávarlíffræðisafn, 116. mál.

Vísað er til bréfs menntamálanefndar Alþingis, dags. 4. mars sl. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um sjávarlíffræðisafn og rannsóknasetur á Akureyri (116. mál). Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna.

Náttúrufræðistofnun telur að rökstuðning vanti fyrir þörfina á að búa til sérstakt rannsóknasetur um "auðlindir og lífríki hafsins", sem virðist eiga að starfa á nánast öllum sviðum náttúrufræða, líffræði, haffræði og jarðfræði. Óljóst er á hvaða rannsóknasviði þetta nýja setur ætti að marka sér sérstöðu. Útibú Hafrannsóknastofnunarinnar á Akureyri er rekið í nánnum tengslum við sjávarútvegsdeild Háskóla Akureyrar, og það sinnir nú ýmsum rannsóknum á þeim sömu sviðum og þessu nýja rannsóknasetri er ætlað að starfa á. Rökstuðning vantar fyrir því að stofna nýtt rannsóknasetur í stað þess efla þá rannsóknastarfsemi sem þegar er fyrir hendi á Akureyri á vegum þessara aðila.

Samkvæmt greinargerðinni með tillögunni virðist ljóst að hugmyndin sé að setja á laggirnar sýningar- og fræðslusafn um lífríki hafsins, haffræði og jarðfræði hafsbotnsins fremur en að byggja upp hefðbundinn safnkost náttúrugripa og sýna. Hér er um gott mál að ræða, en horfa þarf til þess að slík starfsemi er afar kostnaðarsöm og útheimtir mikla og góða sérfræðikunnáttu í að setja upp og hanna sýningar, útbúa og endurnýja fræðslu- og kynningarefni, sjá um daglega umhirðu sjóbúra með lifandi dýrum, svo fátt eitt sé nefnt. Á undanförunum árum og áratugum hefur ekki fengist fjármagn til að byggja upp Náttúruminjasafn Íslands, sem tekur til náttúru landsins til lands og sjávar. Síðastliðið vor rofaði til þegar Alþingi samþykkti ný lög um Náttúruminjasafn landsins, sem vonir standa til að rísi innan fárra ára. Náttúrufræðistofnun telur að marka þurfi þessu nýja höfuðsafni þjóðarinnar skýra safna- og fræðslustefnu áður en ákvörðun er tekin um nýja ríkisstofnun á sama verkswiði, sem yrði óhjákvæmilega í samkeppni um sérfræðikunnáttu og fjármagn.


Náttúrufræðistofnun efast um að það myndi styrkja fræðslu- og sýningarsafn að reka almenna hafrannsóknastofnun í tengslum við það, stofnun sem hefði aldrei annað en óbeina þýðingu



fyrir safnið. Hætta er á að slík tvíþætt starfsemi á sviði rannsókna og sýningarstarfs myndi dreifa takmörkuðu fé í of margar áttir og valda kyrkingi í starfsemi hvorutveggja.

Loks vill Náttúrufræðistofnun benda á að það eru margvísleg en illa nýtt tækifæri á Akureyri til að efla og styrkja atvinnu í tengslum við náttúrufræðisráðgjafi og safnastarfsemi. Náttúrufræðistofnun rekur t. d. gott útibú í Borgum við Norðurslóð, sem mætti styrkja og bæta með auknu fjármagni til starfseminnar. Stofnunin rekur jafnframt svo kallað borkjarnasafn í bænum, sem ekki hefur verið hægt að reka með sómasamlegum hætti vegna fjárskorts og húsnæðisþrenginga. Þar mætti með einföldum hætti skapa störf og auka hróður staðarins.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

